

Fimmtudaginn 16. maí 1991.

Nr. 414/1990: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Markúsi Sigurðssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Með stefnu 18. október 1990 áfrýjaði ríkissaksóknari máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Í I. kafla ákæru er ákærði sakaður um að hafa falsað nöfn Jóns Guðmundssonar og Sigrúnar Söndru Sveinsdóttur sem sjálfs-skuldarábyrgðarmanna á skuldabréf. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn þeirra, en heldur því fram, að hann hafi haft leyfi þeirra til þess. Sigrún Sandra kveður ákærða hafa hringt til sín og beðið sig um að skrifa upp á víxil fyrir sig, og hafi hún svarað því játandi. Hún kveðst hins vegar hafa verið búin að ákveða að neita honum um undirskrift, þegar hann kæmi með pappírana. Jón Guðmundsson kannast ekki við það, að ákærði hafi hringt til sín og beðið sig um að ábyrgjast skuld fyrir sig. Í máli þessu er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að framangreindir aðilar hafi heimilað ákærða að rita sjálfur nöfn þeirra undir skuldabréfið. Ber því að sakfella ákærða fyrir skjalafals.

Að því er II. kafla ákæru varðar, ber að staðfesta sakarmat hér- aðsdómara og færslu til refsíákvæða.

Í héraðsdómi er sakaferill ákærða rakinn. Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir sektgreiðslur vegna fikniefnabrota 2. maí 1990, 26. júní 1990 og 11. janúar 1991.

Ákærði á langan brotaferil að baki, einkum á sviði auðgunarbrota. Telst hann því vera vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 21. mars til 26. mars 1990. Kemur gæsluvarðhaldsvist hans, 6 dagar, að fullu til frádráttar dæmdri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins í héraði svo og áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. mars til 26. mars 1990 komi til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. ágúst 1990.

Ár 1990, föstudaginn 31. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 445/1990: Ákærvaldið gegn Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 28. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. júlí sl., á hendur ákærða, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, Kringlunni 87, Reykjavík, fæddum 22. júlí 1961, fæðingarnúmer 320, „fyrir eftirgreind hegningarlaga brot, framin 19. og 20. mars 1990:

I.

Skjalafals.

Hinn 19. mars notað til kaupa á bifreiðinni X-4131, sem er Buick Regal, árgerð 1978, af Sigrúnu Láru Hannesdóttur, Túngötu 44, Reykjavík, skuldabréf með lánskjaravísitölu, að fjárhæð kr. 300.000, útgefið af ákærða 16. mars 1990, eftir að hafa falsað á bréfið nöfnin Jón Guðmundsson og Sigrún Sandra Sveinsdóttir sem sjálfsskuldarábyrgðaraðila.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þjófnaður.

Aðfaranótt þriðjudagsins 20. mars 1990 brotist inn í þrjár bifreiðar og stolið úr þeim sem hér greinir:

1. Í bifreiðageymslu að Hamraborg 2-32, Kópavogi, brotist inn í bifreiðina R-52592 og stolið útvarps- og kassetutæki af gerðinni Autioline, ritvél af gerðinni Antares, ryksugu af gerðinni Euras og 5 kassetum.

2. Á sama stað brotist inn í bifreiðina R-5480 og stolið AP-bílasíma, Handic-CB-talstöð, Pioneer- sambyggðu útvarps- og kassetutæki, KP-2030, og verkfæratösku.

3. Við Fjölнисveg 2, Reykjavík, brotist inn í bifreiðina G-24318 og stolið útvarps- og kassetutæki af gerðinni Pioneer-KEH-4030, 15 kassetum, 3 myndavélarfilmum og sólgleraugum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

I.

Hinn 20. mars sl. sneri Þorsteinn Rúnar Guðjónsson sér til RLR og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir skjalfals. Kvað kærandi ákærða daginn áður hafa keypt bifreiðina X-4131 af Sigrúnu Láru Hannesdóttur og greitt fyrir hana með skuldabréfi, að fjárhæð 300.000 krónur, til 2 ára með 24 afborgunum. Kærandi kvaðst hafa komist að því, að nafnritanir sjálfs-skuldarábyrgðarmanna á skuldabréfinu væru falsaðar.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa skrifað nöfn þeirra Jóns Guðmundssonar og Sigrúnar Söndru Sveinsdóttur á skuldabréfið, en ákærði kvaðst hafa haft fulla heimild þeirra til þess. Kvaðst ákærði hafa hringt til Jóns í Gunnarsholt, og hafi Jón heimilað sér að nota nafn sitt á skuldabréf, en ákærði kvaðst ekki hafa látið Jón vita, um hvers konar viðskipti var að ræða. Þá kvaðst ákærði hafa hringt í Sigrúnu Söndru, og kvaðst hann hafa talað hana til, og hafi hún látið undan og samþykkt, að ákærði kæmi með skuldabréfið til sín til undirskriftar. Ákærði kvað það hafa tafist, að hann kæmist til Sigrúnar, og skyndilega hafi honum boðist bifreið til kaups, og hafi hann þá skrifað nafn Sigrúnar á skuldabréfið. Kvaðst ákærði upphaflega hafa tjáð henni, að um hestaviðskipti væri að ræða, en úr þeim hafi ekkert orðið. Ákærða minnti, að talað hefði verið um 260-300 þúsund krónur fyrir hrossið.

Ákærði kvað Sigrúnu Söndru hafa skrifað upp á 50.000 króna víxil fyrir sig í janúar sl., og kvað ákærði, að staðið hefði verið í skilum með hann. Ákærði kvaðst hafa minnt hana á þetta og tók fram, að aldrei hefði staðið annað til en að greiða af skuldabréfinu.

Vitnið Sigrún Sandra Sveinsdóttir, kt. 250765-5099, kom fyrir dóm 28. ágúst sl. Vitnið kvað ákærða hafa hringt til sín í byrjun mars sl., og hefði hann beðið vitnið um að skrifa upp á víxil fyrir sig. Kvaðst vitnið hafa svarað því játandi, en ákærði hefði aldrei komið með pappíra til undirskriftar. Kvaðst vitnið hafa verið búið að taka þá ákvörðun, að kæmi ákærði með pappíra, myndi það neita honum um undirskrift. Vitnið kvaðst þó ekki hafa tjáð ákærða þetta og taldi ekki ólíklegt, að ákærði hefði staðið í þeirri trú, að vitnið væri reiðubúið að ábyrgjast fyrir hann skuld. Vitnið mundi ekki, um hversu mikla fjárhæð var að ræða, og ekki mundi vitnið, til hvers ákærði ætlaði að nota peningana. Vitnið kvað minni sitt ekki sem best sökum neyslu fíkniefna og áfengis undanfarið. Þó kvaðst vitnið hafa haldið sig frá slíku síðastliðna 8 mánuði. Vitnið kvaðst í janúar sl. hafa skrifað upp á víxla fyrir ákærða, og ekki vissi vitnið betur en að staðið væri í skilum með víxlana. Vitnið mundi ekki upphæð þeirra.

Vitnið Jón Guðmundsson, kt. 050565-4329, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði hringt til sín og beðið sig um að ábyrgjast skuld fyrir sig. Vitnið kannaðist við að hafa skrifað nafn sitt á skuldabréf fyrir ákærða í febrúar sl., en vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis. Vitnið mundi ekki, hvort það skrifaði undir sem vottur eða sjálfsskuldarábyrgðarmaður. Vitnið kvaðst einu sinni hafa farið í áfengismedferð, en ekki kvaðst vitnið vera áfengissjúklingur. Vitnið kvaðst ekki hafa drukkið sterkt áfengi síðan 2. mars sl., en daginn áður en vitnið kom fyrir dóm, kvaðst vitnið hafa drukkið sterkt áfengi og þá lent í fangaeymslu lögreglunnar. Að mati dómarans kom vitnið einkennilega fyrir og virtist ekki eins og fólk er flest.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi haft heimild frá áðurgreindum vitnum til að skuldbinda þau. Fær sú frásögn ákærða stóð í vætti vitnisins Sigrúnar Söndru og jafnframt því, að svo virðist, að vitnin hafi verið nýbúin að ábyrgjast aðrar skuldir fyrir ákærða. Meta verður framburð vitnisins Jóns með hliðsjón af ástandi hans. Verður því að telja, að ákærði hafi staðið í þeirri trú, að hann hafi haft heimild vitnanna til að skuldbinda þau, og verður því að sýkna hann af I. lið ákæru.

II.

Þriðjudaginn 20. mars sl. kl. 10.22 var óskað eftir aðstoð lögreglu í ÁTVR í Kringlunni. Hafði ákærði verið handtekinn þar, grunaður um þjófnað á áfengisflösku. Við leit í bifreið, sem ákærði var á, X-4131, fund-

ust munir, sem hafði verið stolið nóttina áður úr þremur bifreiðum, sem hér segir:

1. Úr bifreiðinni R-52592, sem stóð við bifreiðageymslu að Hamraborg 2-32, Kópavogi, útvarps- og kassetutæki af gerðinni Autioline, ritvél af gerðinni Antares, ryksugu af gerðinni Euras og 5 kassetum.

2. Úr bifreiðinni R-5480, sem stóð við sömu bifreiðageymslu, AP-bíla-síma, Handic-CB-talstöð, Pioneer- sambyggðu útvarps- og kassetutæki, KP-2030, og verkfærátösku.

3. Úr bifreiðinni G-24318, sem stóð við Fjölnisveg 2, Reykjavík, Pioneer-KEH-4030-útvarps- og kassetutæki, 15 kassetum, 3 myndavélar-filmum og sólgleraugum.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins lýst sig saklausan af þjófnaði úr bifreiðum þessum. Kvaðst ákærði hafa fundið kassa með munum þessum á bifreiðastæði í Hamraborginni.

Skýring ákærða á því, að umrætt þýfi fannst í bifreið hans, er ótrú-verðug. Þá verður ekki séð af gögnum málsins, að ákærði hafi gert reka að því að koma þýfinu til skila, ef skýring hans er rétt. Ber því að hafna framburði ákærða og telja, þar sem umrætt þýfi fannst í bifreið hans, nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað, eins og lýst er í II. lið ákæru. Er brot ákærða réttilega fært til refsíákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1980 hlotið samtals 19 dóma fyrir ýmiss konar hegningarlagabrot og umferðarlagabrot, og nemur dæmd refsivist samtals 6 árum og 3 og hálfum mánuði. Síðast hlaut ákærði dóm 11/10 1989, 8 mánaða fangelsi fyrir skjálafals, þjófnað, fjársvik og brot gegn 219. gr. alm. hgl. og umfl. Auk þess hefur ákærði 7 sinnum gengist undir sektargreiðslur, aðallega vegna fíkniefnabrota.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af ákvæðum 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærði 21. mars sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 26. mars sl. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni með fullri dagatölu 6 daga gæsluvarðhald.

Skv. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu helmings alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Frá refsivistinni skal draga með fullri dagatölu 6 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.